

Störf án staðsetningar – Gjaldskrá fyrir skrifstofuaðstöðu í Miðbæ

Fyrirkomulag:

Sveitarfélagið Hornafjörður býður aðilum sem sinna störfum óháð staðsetningu upp á að leigja skrifstofuaðstöðu á annarri hæð í Miðbæ á Höfn. Um er að ræða sameiginlega skrifstofuaðstöðu fyrir allt að fimm aðila, með aðgengi að kaffistofu og fundaraðstöðu. Aðstaðan hæfir jafnt fyrir ný störf sem og eldri sem unnin geta verið án staðsetningar.

Leiguverð er kr. 25.000.- á mánuði. Einnig er í boði að leigja aðstöðuna í viku í senn og er leiguverðið þá kr. 8.000.- pr. viku. Innifalið í leigu er rafmagnskostnaður, nettenging og þrif á sameign. Sveitarfélagið Hornafjörður annast einnig aðrar greiðslur sem falla til vegna Húsfélagsins Litlubrú 1.

Leiguverðið miðast við vísitölu neysluverðs 31. ágúst 2022 og uppreiknast árlega m.v. sömu dagssetningu.

Til að koma til móts við frumkvöðla sem vinna að þróun á vöru eða þjónustu býður sveitarfélagið upp á aðstöðuna með 50% afslætti til allt að 12 mánaða.

Samþykkt í Bæjarráði Hornafjarðar 02.03.2023